

Ed. **568. Frumvarp til laga** [283. mál]
um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem lög þessi ákveða. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalyðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduáðild að lífeyrissjóði.

Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr ríkissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
- b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.

d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr., enda hafi félaginn uppfyllt skilyrði a- og b-liðar 2. gr. og átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta sé slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna. Þar er enn fremur heimilt að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu.

5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlzt gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

Nú hefur félagi verið bóndi á lögbyli eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri, og skal þá slíkur tími reiknast með réttindatíma, enda eigi félaginn ekki rétt til lífeyris samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda. Heimilt er í reglugerð að víkja frá skilyrðinu um lögbyli.

6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslau miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsg. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslauin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsg. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðzt við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðzt er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú beztu árin, sem upplýsingar eru um.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsg. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur féлага með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

7. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samantöldum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samantöldum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Maður getur notið samtímis elli- og makalífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

8. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1972. Við slíka ákvörðun skal m. a. hafa hliðsjón af breytingum, er orðið hafa á kauptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 1. málsg. 6. gr., og hliðstæðum uppbótum, sem almennt eru greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóðum verkafélaga.

9. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18 1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarféлага, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

10. gr.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftár en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 2. gr. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, skulu þau greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðluðust réttinn. Eftirlaun falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr 1. málsg.

11. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn

lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá lokum þess mánaðar, er umsókn berst sjóðsstjórn.

12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjú menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnun lífeyrissjóða, sbr. 11. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnun lífeyrissjóða og skattstjórnun að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bændu er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bændu viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, er áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt 1. og 2. málsg. 5. gr. og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bændu.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt milli atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs á sama hátt og bótagreiðslum, sbr. 1. gr. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna. Í slíkri reglugerð skal m. a. ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 9. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi. Enn fremur skal þar heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969.

14. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

Nú hafa manni verið úrskurðuð eftirlaun samkvæmt lögum nr. 18 1970 fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá fjárhæð slíkra eftirlauna hvorki lækka né vera lægri en lágmark það, sem tilgreint er í 7. gr., þótt réttur reynist minni samkvæmt þessum lögum.

Árið 1971 skulu eftirlaun reiknast sem hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna 1966—1970 án tillits til, hvort hlutaðeigandi hefur notið eftirlauna á árinu 1970.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 3. apríl 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, og gerir hann svofellda grein fyrir samningu þess og efni:

Með bréfi, dags. 10. desember 1970, fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mér endurskoðun laga nr. 18 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum,

m. a. með hliðsjón af framkomnum frumvörpum á Alþingi um breytingar á lögum. Um endurskoðun þessa bar mér að hafa samráð við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Hinn 19. desember ritaði ég þessum aðilum bréf og óskaði eftir, að þeir tilnefndu fulltrúa, er ég gæti snúið mér til í sambandi við verkefni þetta. Með bréfi, dags. 15. janúar, tilnefndi Alþýðusamband Íslands þá Björn Jónsson, alþingismann, Eðvarð Sigurðsson, alþingismann, og Snorra Jónsson, framkvæmdastjóra, og 30. sama mánaðar tilnefndi Vinnuveitendasamband Íslands Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóra, af sinni hálfu. Hef ég haldið þrjá fundi með þessum fulltrúum.

Ofangreind lagafrumvörp eru tvö, annars vegar frumvarp þeirra Eðvarðs Sigurðssonar og Magnúsar Kjartanssonar, lagt fram í neðri deild Alþingis, og hins vegar frumvarp þeirra Björns Jónssonar og Jóns Þorsteinssonar, lagt fram í efri deild. Fyrirnefnda frumvarpið er þess efnis, að lágmark eftirlauna skuli vera kr. 2000.00 á mánuði að viðbætti vísitölu vöru og þjónustu frá 1. janúar 1970. Í síðarnefnda frumvarpinu felast þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að í stað skilyrðis laganna um, að hlutaðeigandi hafi verið í starfi í árslok 1967, komi skilyrði um 10 ára starf frá og með árinu 1955. Í öðru lagi verði slakað á kröfunni um, að einungis megi reikna til réttinda tíma, sem hlutaðeigandi hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags innan A. S. Í., og í þriðja lagi verði lágmark eftirlauna það sama og gert er ráð fyrir í fyrirnefnda frumvarpinu.

Lög nr. 18 1970 voru sett í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra 18. maí 1969 og fylgiskjal með þeirri yfirlýsingu. Voru yfirlýsing þessi og fylgiskjalið liður í samkomulagi Vinnuveitendasambands Íslands og verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969. Nokkuð mun hafa verið rætt um að gera breytingar á lagafrumvarpinu við meðferð málsins á Alþingi, en niðurstaða varð sú, að við setningu laganna var ekki vikið frá samkomulaginu. Í bráðabirgðaákvæði laganna segir hins vegar, að gert sé ráð fyrir, að endurskoðun fari fram eftir nokkra byrjunarreynslu, ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna.

Tilgangurinn með lögum var raunverulega sá, að þau kæmu í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum þeirra lífeyrissjóða, sem samkomulag hafði orðið um að koma á fót, þess efnis, að hópi manna yrðu tryggð tiltekin lágmarksréttindi, þótt þeir aldurs vegna greiddu lítið eða jafnvel ekkert til sjóðanna. Vandkvæði á að semja slík bráðabirgðaákvæði voru augljós. Má sem dæmi nefna, að ekkert var vitað um, hvernig almenn bótaákvæði yrðu hjá hinum nýju sjóðum, þegar fylgiskjalið með yfirlýsingu forsætisráðherra var samið. Nú mun frágangi reglugerða fyrir sjóðina hins vegar vera lokið að mestu, og vitað er um höfuðatriði þeirra. Þá hafa aðstæður breytt verulega í atvinnu-, kaupgjalds- og verðlagsmálum síðan vorið 1969. Aukin eftirspurn eftir vinnuafli er tvímælalaust höfuðástæðan fyrir því, að útgjöld vegna þessara eftirlaunagreiðslna hafi reynzt miklum mun minni en áætlað var, og hækkun kaupgjalds og verðlags hefur orðið meiri en menn mun yfirleitt hafa órað fyrir á þeim tíma. Loks má nefna nýja lagasetningu, lög um Lífeyrissjóð bænda og lög um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð togarasjóðanna og undirmanna á farskipum (sem nú nefnist Lífeyrissjóður sjómanna), en í lögum þessum eru ákvæði um réttindi bænda og bátasjóðanna, sama eðlis og ákvæði laga nr. 18 1970.

Með hliðsjón af framanrituðu og reynslu minni af lögum og framkvæmd þeirra hef ég talið rækilega endurskoðun nauðsynlega. Voru fulltrúar A. S. Í. og V. S. Í. sammála mér um þá afstöðu og hafa lýst stuðningi við meðfylgjandi frumvarp. Jafnframt hafa þeir lagt ríka áherzlu á, að það hljóti afgreiðslu, áður en Alþingi lýkur störfum í vor.

Hér verður fyrst vikið að þeim höfuðbreytingum, sem felast í meðfylgjandi frumvarpi, en síðan verður drepið á einstakar greinar þess.

A. Afmörkun þess hóps, sem réttinda nýtur.

Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga taka þau einungis til félaga í stéttarfélögum innan A. S. Í. Með tilliti til þess, að $\frac{3}{4}$ hlutar útgjalda til eftirlauna eru greiddir úr atvinnuleysistryggingasjóði, er í frumvarpinu gert ráð fyrir rýmkuð þessa ákvæðis í þá átt, að sama gildi um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar og hafi komið á hjá sér skylduáðild að lífeyrissjóði.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að skilyrðið um starf í árslok 1967 falli brott og verði réttur til ellilífeyris bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi starfað a. m. k. 10 ár eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri. Hefur þessi breyting í för með sér mikla fjölgun lífeyrisþega.

Samkvæmt frumvarpinu er skilyrðinu um félagsaðild breytt í það horf, að einungis er krafizt, að hlutaðeigandi sé fullgildur félagi, þegar hann sækir um eftirlaun, en samkvæmt núgildandi lögum skal aðeins reikna sem réttindatíma þann tíma, sem maður hefur verið fullgildur félagi. Þá er gert ráð fyrir tengingu við löggin um Lífeyrissjóð bænda, sem samþykkt voru í árslok 1970, og loks má nefna, að skilyrðið um, að félagi sé hættur starfi, er samkvæmt frumvarpinu felld niður við 75 ára aldur.

B. Aðlögun að reglugerðum lífeyrissjóða og hækkun eftirlaunafjárhæða.

Bótaákvæði núgildandi laga eru sniðin eftir þeim ákvæðum um lífeyrisgreiðslur, sem almennt voru í gildi hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga og fyrirtækja vorið 1969, en reglur hinna nýju lífeyrissjóða eru hins vegar ólíkar þessum ákvæðum í grundvallaratriðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aðlögun að þessum reglum, en sú aðlögun hefur m. a. í för með sér, að ellilífeyrisgreiðslur fyrir stuttan réttindatíma hækka verulega. Þá er í frumvarpinu aðeins einn kauptaxti, er hafa skal til viðmiðunar við ákvörðun réttinda fyrir tímabilið 1955—1969, og veldur sú breyting verulegri jöfnun eftirlaunafjárhæða þeim í vil, sem tekið hafa laun samkvæmt hinum lægri kauptöxtum og fá nú mesta hækkun, ef frumvarpið verður að lögum. Jafnframt verður öll framkvæmd miklum mun auðveldari, er einungis þarf að hafa einn taxa tiltækan við útreikning eftirlauna.

Í frumvarpinu er ákvæði um 5 stiga lágmarks eftirlaunarétt. Til þessa lágmarksákvæðis þarf þó ekki að grípa, nema mjög óverulegar launagreiðslur hafi verið grundvöllur réttindanna. Þess eru hins vegar dæmi, að eftirlaun hafa verið úrskurðuð á grundvelli svo lágra launagreiðslna, að 15 ára iðgjaldagreiðsla til hinna nýju sjóða af slíkum launum mundi engan rétt veita. Eðlileg afleiðing af herra lágmarki væri því að setja jafnframt strangari skilyrði um lágmark launagreiðslna, er rétt gætu veitt samkvæmt lögnum. Þá má og búast við, að því herra sem lágmarkið yrði, þeim mun meiri óánægju mætti vænta af hálfu þeirra, sem fengju synjun vegna of skamms réttindatíma, en teldu sig með nokkrum rétti verðugri eftirlauna en ýmsa þá, sem fengju eftirlaun fyrir lítið starf, t. d. ígripavinnu eina.

Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um hækkun eftirlauna, eftir að þau eru úrskurðuð í fyrsta sinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að ákveða slíkar hækkunir fyrir eitt ár í senn.

C. Áætluð útgjöld og einstök dæmi um eftirlaunafjárhæðir.

Í áætlun, sem gerð var vorið 1969, var gert ráð fyrir, að útgjöld til eftirlaunakerfis þess, sem hér um ræðir, mundu nema um 25 millj. kr. á árinu 1970. Þótt enn hafi ekki horizt umsóknir frá öllum þeim, sem öðluðust eftirlaunarétt á síðastliðnu ári, má gera ráð fyrir, að útgjöldin verði vart nema fjórðungur hinnar áætluðu fjárhæðar, og er höfuðástæðan, eins og áður er sagt, stórbætt atvinnuástand.

Í fjárlögum ársins 1971 eru útgjöld áætluð 36 millj. kr. Áætla má, að með samþykkt frumvarpsins muni eftirlaun þeirra umsækjenda, sem þegar hafa verið úrskurðuð eftirlaun, nema um 14 millj. kr. á þessu ári. Auk eðlilegrar fjölgunar eftirlaunafólks á þessu ári bætist við stór hópur manna, sem hætt hafa störfum á árunum 1964—1967, og ýmis ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér nokkra fjölgun. Tel ég sennilegt, að útgjöld á þessu ári geti alls orðið yfir 30 millj. kr., ef frumvarpið verður að lögum, en ósennilegt er, að þau fari fram úr áðurnefndri fjárhæð fjárlaga.

Hér skulu sýnd þrjú dæmi um fjárhæð eftirlauna, annars vegar samkvæmt núgildandi lögum og hins vegar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Launatekjur 5 ára:

Ár	A. Kr.	B. Kr.	C. Kr.
1964	5 788	125 409	
1965	6 964	163 151	147 757
1966	5 781	195 390	173 943
1967	6 844	204 052	176 650
1968	12 070	135 272	183 911
1969			214 430
Núverandi eftirlaun á ári	1 380	20 467	29 412
Eftirlaun skv. frumv. á ári ...	11 760	36 216	38 808

A er dæmi um þá, sem njóta góðs af 5 stiga lágmarkinu samkvæmt 2. málsg. 7. gr. frumvarpsins, og fær hann í eftirlaun því sem næst sömu fjárhæð og hann hefur haft mest í tekjur þau ár, sem upplýsingar eru um. B er verkamaður, sem hætti störfum snemma árs 1969, og C er iðnaðarmaður, sem hætti störfum í árslok 1969. Tekið skal fram, að fjárhæðir samkvæmt frumvarpinu geta tekið smávægilegum breytingum frá því, sem þær eru tilgreindar hér að framan, þar eð viðbótarupplýsingar gætu valdið hækkun á eftirlaunum B og væntanlega yrði leitað til Kjarrannsóknarnefndar um nákvæman útreikning á grundvallarlaunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að réttur til eftirlauna er ekki lengur ein-skorðaður við félagi í stéttarfélögum innan A. S. Í. Til þess að aðrir geti öðlazzt slíkan rétt, þurfa þó tvö skilyrði að vera uppfyllt, í fyrsta lagi, að hlutaðeigandi sé í stéttarfélagi, sem telst til verkalýðsfélaga samkvæmt lögum um atvinnuleysis-tryggingar, og í öðru lagi, að stéttarfélagið hafi komið á skylduaðild að lífeyris-sjóði. Að fyrra skilyrðinu er vikið í almennum athugasemdum hér að framan. Án síðara skilyrðisins yrði alger óvissa um áframhald greiðslna, er greiðslum samkvæmt lögnum lyki í árslok 1984, og jafnframt gæti vandi þeirra, sem þá nálguðust eftirlaunaaldur, enn verið óleystur.

Um 2. gr.

Með a-lið þessarar greinar er skilyrði núgildandi laga um félagsaðild breytt þannig, að í stað slíkrar aðildar allan réttindatíma umsækjanda er nú aðeins gert ráð fyrir, að félagsaðildar verði krafizt á þeim tíma, þegar sótt er um bætur. Í C-lið felst það nýmæli, að þeir, sem náð hafa 75 ára aldri, geta tekið eftirlaun án tillits til, hvort þeir eru hættir störfum, enda hefur þorri manna látið af störfum að miklu eða öllu leyti, áður en þeim aldri er náð. Enn fremur má benda á, að í hin-um nýju lífeyrissjóðum ávinna menn sér ekki réttindi eftir þennan aldur. Loks er fellt niður skilyrðið um starf í árslok 1967 og látið nægja að krefjast 10 ára réttindatíma ásamt mjög vægum kröfum um launatekjur. Vakin skal athygli á því, að

Þessi breyting hefur í för með sér, að margir umsækjendur þurfa að leggja fram upplýsingar frá skattayfirvöldum lengra aftur í tímann en nú á sér stað.

Um 3. gr.

Ekki er um að ræða aðrar breytingar á þessari grein en þær, sem stafa af ofangreindum breytingum á 2. gr.

Um 4. gr.

Í 1. og 3. málsg. þessarar greinar felst rýmkun á ákvæðum b-liðar 2. gr. núgildandi laga. Hins vegar þykir rétt að hafa nánari ákvæði um þetta efni í reglugerð, þar eð oft er um vandasöm úrskurðaratriði að ræða.

Um 5. gr.

Í 4. málsg. felst sú breyting, að tími, sem umsækjandi hefur verið bóndi á lögbyli, reiknast jafngildur starfstíma sem launþegi. Eigi hlutaðeigandi rétt til eftirlauna úr Lífeyrissjóði bænda, er þó gert ráð fyrir, að eftirlaunagreiðslur fari eftir lögum þess sjóðs, en uppbót geti komið samkvæmt þessum lögum, sbr. 3. málsg. 12. gr. Gert er ráð fyrir þátttöku Lífeyrissjóðs bænda í útgjöldum, þegar svo stendur á. Þá er gert ráð fyrir, að í reglugerð sé heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbyli, þótt ekki verði um neina þátttöku í útgjöldum af hálfu Lífeyrissjóðs bænda að ræða í slíku tilvik.

Um 6. gr.

Með stigaútreikningi þeim, sem kveðið er á um, í þessari grein, er í grundvallaratriðum horfið að þeim reglum, er gilda í hinum nýju lífeyrissjóðum, sbr. það, sem um þetta efni er sagt í almennum athugasemdum hér að framan. Hámarkið, 1.1 stig á ári á tímabilinu frá 1. janúar 1955 til ársloka 1969, jafngildir því, að árstekjur, er svara til dagvinnu samkvæmt 2. texta Dagsbrúnar að viðbættum, 10%, eru viðurkenndar sem grundvöllur réttinda.

Um 7. gr.

Fjárhæð ellilífeyris samkvæmt 2. málsg. er í samræmi við ákvæði reglugerða hinna nýju lífeyrissjóða. Um 5 stiga lágmarkið skirskotast þó til þess, sem tekið er fram í almennum athugasemdum.

Fjárhæð makalífeyris verður nokkru hærri en verða mundi, ef fylgt væri að öllu leyti ákvæðum lífeyrissjóðanna, enda er makalífeyrir samkvæmt núgildandi lögum tiltölulega riflegur í samanburði við ellilífeyri.

Í núgildandi lögum er ekki tekið fram, hvort maður geti samtímis notið elli- og makalífeyris samkvæmt lögnum. Í frumvarpinu er þetta ótvírætt, sbr. 4. málsg. þessarar greinar, en jafnframt er kveðið á um hámark samanlagðra greiðslna. Nemur hámark þetta um 47 þús. kr. á árinu 1971.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða tilsvarendi ákvæðum í reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða. Hér er það þó að sjálfsögðu annar aðili, sem ákvörðun tekur um verðlags- eða kauplagsuppbætur.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða 3. málsg. 6. gr. núgildandi laga. Þó er hér skýrt tekið fram, að greiðslur úr ríkissjóði og öðrum opinberum sjóðum, sem hliðstæðar geta talizt lífeyrisgreiðslum, skuli koma til frádráttar á sama hátt og greiðslur úr lífeyrissjóðum.

Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er ekki í núgildandi lögum, en hliðstætt ákvæði er í lögum um almannatryggingar, og virðist ástæðulaust að veita lengri frest hér.

Um 12. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. málsgr. eru í 9. gr. núgildandi laga og 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 242 1970. Um 3. málsgr. skirskotast til athugasemda við 5. gr.

Um 13. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 10. gr. núgildandi laga, og er ekki um aðra breytingu að ræða en þá, sem telja verður eðlilega afleiðingu af aðlögun eftirlaunaákvæðanna að reglugerðum lífeyrissjóðanna.

Um 14. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er til öryggis, en við athugun á allmörgum umsóknum fundust engin dæmi um, að lífeyrisgreiðslur lækkuðu við það, að farið væri eftir ákvæðum frumvarpsins.

Samkvæmt 7. gr. ætti að miða eftirlaun þeirra, sem rétt áttu þegar á árinu 1970, við meðaltal grundvallarlauna 1965—1969. Í ákvæði 3. málsgr. 14. gr. felst því hækkun til samræmis við eftirlaun þeirra, sem hefja töku þeirra á árinu 1971.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.